

**Nd.**

**651. Nefndarálit**

**[188. mál]**

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávar-  
afurðum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Undirritaðir leggja til,  
að frumvarpið nái fram að ganga. Nefndarmennirnir LJós og JSk eru frumvarpinu  
andvígir og munu skila séráliti. Fjarverandi við afgreiðslu málsins var BP.

Samkomulag varð í nefndinni um eina brtt. við frumvarpið, og er hún flutt  
á sérstöku þingskjali.

Undirritaðir nefndarmenn eru þeirrar skoðunar, að endurskoða þurfi tryggingar  
fiskiskipaflotans með það fyrir augum að lækka þennan kostnaðarlið útgerðarinnar.

Leggjum við áherzlu á, að rækileg athugun verði látin fara fram á því, hvernig  
þessum málum verði bezt skipað og á hagkvæmari hátt en nú er.

Alþingi, 18. apríl 1968.

Birgir Finnsson,  
form.

Sverrir Júlíusson,  
fundaskr., frsm.  
Pétur Sigurðsson.

Guðl. Gíslason.